image-01

XP Persónukjör Lýðræðishreyfingin

Lýðræðishreyfingin - www.xp.is - póstur@lydveldi.is - Vogasel 1, 109 Reykjavík - Sími 4500500

23. apríl 2009.

Lögreglustjórinn í Reykjavík
Hverfisgötu 105
Símbréf 4441015

## Efni: Kosningaspjöll gagnvart Lýðræðishreyfingunni

Óskað er eftir að lögregla kanni hvað liggur að baki kosningaspjöllum sem unnin hafa verið gegn Lýðræðishreyfingunni með grein í DV sem birtist þann 22. apríl 2009 á dv.is

Í umræddri grein undir fyrirsögninni „Blekkt í framboð hjá Ástþóri" er farið með þau ósannindi að Sigrún Ármanns Reynisdóttir hafi verið blekkt inn á framboðslista Lýðræðishreyfingarinnar.

Starfsmenn DV sögðu í dag að Sigrún hafi hringt þessa frétt inn til þeirra sjálf sem svokallað „Fréttaskot" og að DV greiði peninga fyrir slíkar fréttir. Útskrift um þetta fylgir af vef DV þar sem kemur fram að allt að kr. 100,000 er greitt fyrir slík fréttaskot.

Hjálagt fylgir afrit af framboðsyfirlýsingu Sigrúnar Ármanns Reynisdóttur þar sem hún hefur ritað með eigin hendi beiðni um að vera í framboði fyrir Lýðræðishreyfinguna.

Einnig fylgir vitnisburður Þráinns Stefánssonar sem fór að beiðni Sigrúnar sem gerð var símleiðis við skrifstofu Lýðræðishreyfingarinnar, á heimili Sigrúnar Hraunbæ 38 með eyðublað fyrir hana að skrá sig í framboð fyrir Lýðræðishreyfinguna.

Þá fylgir vitnisburður frá Guðrúnu Maríu Óskarsdóttur talsmanni lista okkar í Suðvesturkjördæmi, um fund sem átti sér nokkrum dögum síðar á skrifstofu Lýðræðishreyfingarinnar. Eins og þar kemur fram óskaði Sigrún á þessum fundi eftir því að vera í framboði ásamt Guðrúnu í Suðvesturkjördæmi.

Vísað er í kosningalög XX kafla um óleyfilegan kosningaáróður og kosningaspjöll. Þá er vísað í í almenn hengingarlög um kosningar. Ofangreind háttsemi DV og Sigrúnar virðist til þess gerð að hafa áhrif á lýðræðislega umræðu í aðdraganda kosninga og kjósendur með ólögmætum hætti og tilburðir til að grafa undan framboði Lýðræðishreyfingarinnar í alþingiskosningum 25 apríl, eftir tvo daga. Nauðsynlegt er að lögregla kanni hvað býr hér að baki þar á meðal hvort hinir kærðu hafi brotið gegn Lýðræðishreyfingunni í því skyni að hafa af því fjárhagslegan ávinning.

Virðingarfyllst,

Virðingarfyllst,
Lýðræðishreyfingin

Ástþór Magnússon – Sími 4962002 / 6626053 / 4500500 – Netfang: thor@lydveldi.is

**Persónukjör**
Einstaklingsframboð í stað úrelts flokkakerfis.

**Þitt atkvæði á þing**
Beint lýðræði – Fáum kosningarétt á Alþingi. Veitum þingheimi aðhald. Greiðum sjálf atkvæði í málum sem okkur eru huglæg.




Lýðræðishreyfingin tilkynnir um framboðslista við alþingiskosningar 2009. Við undirrituð erum frambjóðendur á lista Lýðræðishreyfingarinnar:

| Nafn: | Kennitala: | Heimili: | Sími: | Email: | Kjördæmi: |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Sigrún A. Reynisd. | 0709477789 | Hraunbær 38 | 5875801 | | |
| Ragnheiður S. Þórðfd. | 2803912789 | Laufengi 6 | 8676645 | | |
| Grímur Már Þórðarson | 1707882229 | Grænatún 22 | | | |
| Ríkharður Guðjónsson | 160888-2459 | Grænatúni 12 | | | |
| Ásgeir Jón Pálsson | 2501584809 | Melaheiði 3 Kópavogi | 8970931 | geiri@maximus.is | Kraginn |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |

Frambjóðendur samþykkja að starfa í samræmi við stefnuskrá og markmið Lýðræðishreyfingarinnar um beint og milliliðalaust lýðræði.
**Útfylltir listar sendist til: Lýðræðishreyfingin, Vogasel 1, 109 Reykjavík. Sími: 4962004 og 4500500**

VITNISBURÐUR

Ég undirritaður Þráinn Stefánsson kt. 291161-2789 til heimilis Langalína 29, 210 Garðabær gef hér með eftirfarandi vitnisburð:

Ég fór til Sigrúnar Ármanns Reynisdóttur í Hraunbæ 38 Reykjavík með eyðublað sem hún bað um að yrði komið með til sín svo hún gæti skrifað undir framboðsyfirlýsingu og verið í framboði fyrir Lýðræðishreyfinguna.

Ég varð síðan nokkrum dögum síðar vitni að því þegar Sigrún Ármanns Reynisdóttir var stödd á skrifstofu Lýðræðishreyfingarinnar og var þar að spyrja í hvaða kjördæmi hún yrði sem frambjóðandi og að hún vildi sem frambjóðandi „helst vera í kraganum“.

Það fór aldrei á milli mála að Sigrún Ármanns Reynisdóttir óskaði sjálf eftir því að vera á framboðslista fyrir Lýðræðishreyfinguna.

Reykjavík, 23. apríl 2009

Þráinn Stefánsson

VITNISBURÐUR

Ég undirrituð Guðrún María Óskarsdóttir kt. 170759-5409 til heimilis Berjahlíð 1, 221 Hafnarfirði gef hér með eftirfarandi vitnisburð:

Ég var viðstödd og vitni að því þegar Sigrún Ármanns Reynisdóttur kom á skrifstofu Lýðræðishreyfingarinnar og óskaði að komast í viðtal á Lýðvarpinu sem frambjóðandi. Við þetta tækifæri spurði Sigrún að því í hvaða kjördæmi hún yrði sem frambjóðandi og lýsti því yfir að hún vildi helst vera frambjóðandi með mér í kraganum.

Reykjavík, 23. apríl 2009

Guðrún María Óskarsdóttir

**Fimmtudagur** 23. apríl 2009

DV.is



## FRÉTTASKOT

Verðlaun fyrir fréttaskot DV hafa stórhækkað. Ef þú sendir inn ábendingu sem leiðir til bestu fréttar mánaðarins færðu 100.000 krónur í þinn hlut.

Ef þitt fréttaskot verður að frétt inn í blaðinu færðu 2.500 krónur. Ef það fer á forsíðu sem aðalfrétt færðu 25.000 krónur. Ef það verður frétt vikunnar færðu 25.000 krónur í viðbót og ef það verður frétt mánaðarins færðu 50.000 krónur í viðbót.

Fullrar nafnleyndar er gætt til þeirra sem senda fréttaskot til blaðsins. Skráðu inn upplýsingar hér að neðan og við bregðumst skjótt við!

Netfang:

Símanúmer:

Texti:

Senda →

# BLEKKT Í FRAMBOÐ HJÁ ÁSTÞÓRI



**Sigrún Reynisdóttir, frambjóðandi Lýðræðishreyfingar Ástþórs Magnússonar í Kraganum, segir að hún hafi verið látin á framboðslista hreyfingarinnar án hennar.**

Miðvikudagur 22. apríl 2009 kl 15:07

Höfundur: Ritstjórn DV (ritstjorn@dv.is)

Sigrún Reynisdóttir segir að hún hafi verið blekkt inn á framboðslista Lýðræðishreyfingar Ástþórs Magnússonar í Suðvesturkjördæmi. Hún skrifaði undir stuðningsyfirlýsingu við framboðið en rak svo upp stór augu þegar nafn hennar var komið á framboðslista flokksins. Sigrún hefur kvartað yfir þessu við Ástþór og yfirkjörstjórn.

Sigrún segir að hún hafi skrifað undir stuðningsyfirlýsinguna en svo var hringt í hana og hún beðin um að vera á framboðslistanum en að hún hafi ekki viljað það. „Mér finnst Ástþór vera með margar ágætishugmyndir en ég vil ekki vera í framboði fyrir hann," segir Sigrún og bætir því við að hún hafi aldrei ætlað sér að vera í framboði. „Samt var ég bara sett þarna inn," segir frambjóðandinn sem er á 21 sæti á lista hreyfingarinnar í Kraganum.

Sigrún segir að hún sé búin að tala við yfirkjörstjórn og kvarta yfir þessu auk þess sem hún hafi talað við Ástþór út af þessu. „Hann sagði við mig: Þetta er bara svona og þessu verður ekki breytt. Mér finnst þetta grafalvarlegt mál. Svo er bara spurning hversu margir á framboðslistanum hafa verið blekktir í framboð. Þetta er fyrir neðan allar hellur. Þetta er ekki minn vilji og ég á ekki að þurfa að sitja undir þessu," segir Sigrún og bætir því við að yfirkjörstjórn ætti að skoða þetta mál betur.

Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 16:01
Samið um Laxness
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 15:24
Leynd yfir styrkjum til Kristjáns Þórs
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 15:21
Slógu skjaldborg um Helguvík
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 15:02
Trúnaðargögn rædd í utanríkismálanefnd í fyrramálið
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 13:31
Akstur bannaður á nokkrum hálendisleiðum
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 13:18
Dr. Gunni vill kynlífshneyksli
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 13:08
Björn Ingi upplýsir ekki um styrki
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 11:45
Í fangelsi fyrir að raka hár stjúpdóttur sinnar af
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 10:50
1100 skráðir á ósammála.is
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 10:43
952 milljónum úthlutað úr framkvæmdasjóði aldraðra
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 10:30
Kaþólskur prestur dreifði barnaklámi
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 10:29
VG meira en tvöfaldar fylgi sitt í Kraganum
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 09:45
Fjármögnun Sjálfstæðisflokksins jaðrar við mútur
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 09:37
Skorinn í höku með eggvopni
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 09:31
Fylgishrun Sjálfstæðisflokks í Reykjavík suður
Fimmtudagur 23. apríl 2009 kl 08:30

**MEST LESIÐ** **GÆRDAGURINN** **BLOGGFÆRSLUR**

1. Leyniskjöl: Vinir Framsóknar í bloggheimum
2. Talar daglega við Dwight Yorke
3. Ungur Schwarzenegger
4. „Það var allt í blóði"
5. Fjármögnun Sjálfstæðisflokksins jaðrar við mútur
6. Dauðadómur fyrir karrímorð
7. Í fangelsi fyrir að raka hár stjúpdóttur sinnar af

**SANDKORN**



**Herðir róðurinn**

Eini flokkurinn sem býr að samstöðu um að ganga í Evrópusambandið er Samfylkingin. Jóhanna Sigurðardóttir formaður hefur smám saman verið að herða róðurinn og setja Vinstri-grænum ófrávíkjanleg skilyrði um að þegar eftir kosningar verði gengið til viðræðna.

Hallar sér að þriðja frændanum
Á uppleið
Kallar Halldór „fyllibyttu"
**Fleiri sandkorn »**

**BRENNIDEPILL**



**Grét fyrir viðtal við Geir**